



865. fundur stjórnar GSÍ, 22. september 2015, kl.17:00 haldinn á skrifstofu GSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal.

Mættir voru: Haukur Örn Birgisson, Eggert Ágúst Sverrisson, Kristín Guðmundsdóttir, Theódór Kristjánsson, Bergsteinn Hjörleifsson, Gunnar Gunnarsson, Gylfi Kristinsson, Bergþóra Sigmundsdóttir, og Jón Júlíus Karlsson. Þá sat fundinn Hörður Þorsteinsson framkvæmdastjóri og skráði hann fundargerð.

1. Fundargerð

Lögð fram fundargerð frá 26. ágúst s.l. og hún samþykkt og undirrituð.

2. Lokahóf GSÍ, tíma og staðsetning

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir að undirbúningur fyrir verðlaunaafhendingu mótaraðir GSÍ gengi ágætlega og ákvörðun um tímasetningu væri unnin í samráði við samstarfsaðila GSÍ. Verðlaunaafhendingin fer fram í húsakynnum ÍSÍ. Samþykkt var að hvetja forystumenn klúbbanna að fjölmenna á verðlaunaafhendinguna og framkvæmdastjóra falið að senda öllum klúbbum, hvatningu um að mæta. Þá var samþykkt að bjóða fulltrúum samstarfsaðila sambandsins að vera viðstaddir.

3. Starfshópur um Eimskipismótaröðina

Haukur Örn forseti gerði grein fyrir að starfshópur, sem stofnaður hefði verið um Eimskipismótaröðina, væri búinn að hittast nokkru sinnum og að rúmlega 20 forystumenn úr klúbbunum, úr röðum golfkennara, samstarfsaðila og keppismanna hefðu mætt á fundi hópsins. Góðar umræður hafa verið í hópnum og stefnt er að því að hópurinn verði búinn að skila tillögum sínum fyrir 1. nóvember n.k.

4. Stefnumótunarhópar GSÍ

Forseti hvatti stjórnarmenn til að ganga frá tillögum hópanna um aðgerðir næsta árs sem fyrst. Jafnframt að taka saman þau verkefni sem farið hefur verið í á árinu.

5. Evrópumót kvenna á Urriðavelli

Jón Júlíus gerði grein fyrir stöðu mála en hann fór Evrópumót kvenna í sumar sem haldið var í Danmörku. Helstu atriði sem hann tók eftir var öflugt starf sjálfboðaliða varðandi ferðir milli golfvallar og hótels og að þeir hefðu leyst það með því að vera með margar skutlur í gangi í stað þess að vera með stórar rútur.

Umgjörðin um mótið sjálft hafi verið lágstemmd og eftir forskrift EGA og í samræmi við þær hefðir sem þar eru kynntar.

6. Úrskurður aganefndar frá 10. september

Úrskurður aganefndar frá 10. september lagður fram til kynningar. Mótsstjórn Íslandsmótsins í golfi 2015 sendi aganefnd til úrskurðar meint agabrot þar sem kylfingur hætti leik fyrirvaralaust á öðrum degi mótsins án skýringa og án þess að gera mótsstjórn viðvart. Aganefnd úrskurðaði að kylfingurinn sætti áminningu. Úrskurður aganefndar hefur verið birtur á heimasíðu GSÍ.



7. Fundur með forystumönnum golfklúbba  
Framkvæmdastjóri lagði fram tillögu að fundartímum með klúbbum á landinu í aðdraganda golfþings. Samþykkt var að stefna að því að hitta sem flesta golfklúbba í október og nóvember og framkvæmdastjóra falið að vera í sambandi við klúbbana um fundartíma.
  
8. Laga- og reglugerðabreytingar  
Lögð fram fyrirspurn frá Golfklúbbnum Hamri Dalvík og Golfklúbbi Ólafsfjarðar, þar sem óskað er eftir því að klúbbarnir fái að senda sameiginlega sveit til keppni í sveitakeppni GSÍ. Samþykkt var að fela Laga- og reglugerðanefnd að skoða hugmyndir að breytingum á reglugerðum og jafnframt að rýna í lög sambandsins með tilliti til þess hvort stjórn eigi að leggja fram breytingar á komandi golfþingi á lögum sambandsins.
  
9. Undirbúningur golfþings  
Forseti gerði grein fyrir að vegna Evrópumótsins í skák gengi ekki að halda þingið í fundarsölum Íþrótt- og sýningarhallarinnar í Laugardal, en lagði til að þingið færi í staðinn fram í Fjölbrotarskólanum í Garðabæ, en þar væri góð aðstaða til fundarhalda. Vað það samþykkt.  
Þá kynnti forseti að framkvæmdastjóri EGCOA, hafi samþykkt að vera með fyrirlestur á golfþinginu og kynna 20/20 stefnumótun þeirra. Þá var samþykkt að ítarleg kynning yrði á þeirri tilraun sem gerð var í sumar á breytingum á teigmerkingum.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl.19:15.